

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. ágúst 2014

Tilvísun: UST20140800097/bs

Göngustígar við Hjálparfoss. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 22. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða lagningu nýrra göngustíga og gerð svæða til áningar, útsýnis og hvíldar með jöfnu millibili við stíginn. Einnig verða gerð ný bílastæði sunnan núverandi bílastæðis og jafnframt verða gerð stæði fyrir rútur sunnan aðkomuvegar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að staðsetja bíla- og rútustæði með þeim hætti sem hér er lagt til þannig að bílar verði ekki í forgrunni þegar ekið er að Hjálparfossi.

Umhverfisstofnun telur þær tillögur sem hér eru kynntar mjög góðar og metnaðarfullar með tilliti til ásýndar svæðisins og notagildis mannvirkja.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur